

SAFNASTEFNA AKUREYRARBÆJAR 2022-2026

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu 9. júní 2021
Samþykkt í bæjarráði með breytingum 2. desember 2021
Samþykkt í bæjarstjórn 1. febrúar 2022



Akureyrarbær

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
STEFNUMÓTUN	4
NÚVERANDI STAÐA	6
Söfnin í bænum.....	6
Fagleg og fjárhagsleg staða safna.....	6
Áhugi og þátttaka íbúa Akureyrar – viðhorfskönnun RHA.....	6
Innlendir og erlendir ferðamenn.....	8
SÖFN FYRIR ALLA	9
Minjar og saga	9
Miðlun og gagnvirkni	10
Börnin í bænum	10
MARKMIÐ OG AÐGERÐIR TIL ÁRANGURS	11
Meginmarkmið safnastefnu 2021-2026.....	11
1. Öruggur rekstur, samvinna og sameining	12
2. Söfn, sýningar, sögulegar byggingar og menningarminjar sem fjármögnuð eru að verulegu eða öllu leyti af Akureyrarbæ.....	14
3. Önnur söfn, safnvísar og sýningar	15
4. Móttaka nýrra safna og sýninga.....	16
ÁRANGURSMAT, EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN SAFNASTEFNU	18

INNGANGUR

Safnabærinn Akureyri hefur að geyma fjölda safna, en einnig sýningar, safnvísa og annars konar menningarminjar í formi húsa og listaverka. Sameiginlega hafa þau það að markmiði að virkja anda, og efla vitund og þátttöku gesta sinna, bæði heimamanna og ferðafólks af innlendum og erlendum uppruna sem bæinn heimsækja.

Söfn varðveita frumgögn menningararfsins og stunda þannig söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknir, miðlun og sýningarhald. Söfn sem hlotið hafa viðurkenningu Safnaráðs eru ekki rekin í hagnaðarskyni skv. safnalögum. Sýningar og safnvísar eru aftur á móti sjálfstæðar rekstrareiningar sem leggja áherslu á miðlun umfram söfnun, varðveislu og rannsóknir og eru iðulega rekin í hagnaðarskyni og á það einnig við setur sem þó sinna einnig rannsóknum í einhverju mæli.

Hugtakið *safn*, með sína víðtæku merkingu í íslensku máli, verður þó eftirleiðis og oftar en ekki notað í safnastefnunni sem samheiti yfir alla áður nefndu þættina.

Söfnin í bænum miðla oft sögu nærsamfélagsins í gegnum menningararfinn sem þau varðveita. Má þar nefna staðbundin minjasöfn, héraðsskjalasafn, sögu- og byggðasöfn og menningarminjar í formi sögulegra húsa og fornarar verslunar, en einnig söfn sem gera Íslandssögunni skil í einhverju formi, sem og hús þriggja eyfirskra þjóðskálda sem bærinn hefur umsjón með. Á Akureyri er einnig að finna nýuppgert listasafn og vinsælt bókasafn, sem eru ásamt öllum fyrr upptöldum söfnum, mikilvægar þjónustustofnanir sem stuðla í auknum mæli að gagnvirkri tengingu við gesta sína. Við skoðun á víðtækri starfsemi safnanna, sem eiga þátt í að leggja grunn að sjálfsmynd fjölbreytilegs hóps bæjarbúa, verður ljós þörf fyrir skýrt verklag þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Hvatann að gerð safnastefnu fyrir Akureyrarbæ er meðal annars að finna í menningarstefnu Akureyrarbæjar 2013-2018, þar sem lögð var áhersla á að skilgreind yrðu leiðarljós í formi safnastefnu fyrir Akureyrarbæ.¹ Þá er einnig tekið fram í ferðamálastefnu Akureyrar 2016-2026 að stjórn Akureyrarstofu móti safnastefnu fyrir sveitarfélagið.²

Safnastefna Akureyrarbæjar fyrir árin 2022-2026 er stefnumótandi áætlun til aðstoðar bæjaryfirvöldum og inniheldur leiðarljós, helstu markmið og leiðir til aðgerða við að ná settum markmiðum. Safnastefnan leggur megináherslu á söfn sem eru að verulegu eða öllu leyti á ábyrgð Akureyrarbæjar, en einnig á aðkomu hans og samvinnu við önnur söfn bæjarins.

VARÐVEISLA – MIÐLUN – GAGNVIRKNI

¹ Akureyrarbær, Menningarstefna Akureyrarbæjar 2013-2018

² Akureyrarbær, Ferðamálastefna Akureyrar 2016-2026

STEFNUMÓTUN

Vinna við safnastefnuna hófst snemma árs 2019 með vinnu undirbúningshóps sem í áttu sæti Þórgnýr Dýrfjörð deildarstjóri Akureyrarstofu, Haraldur Þór Egilsson safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri og Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri í Menningarhúsinu Hofi. Hópurinn setti fram tillögu til stjórnar Akureyrarstofu um markmið með gerð safnastefnu sem snýst um aðkomu Akureyrarbæjar að söfnum, sýningum, sögulegum byggingum og öðrum menningarminjum sveitarfélagsins. Í kjölfar markmiðasetningar stjórnarinnar var Sigríður Örvarsdóttir safnafræðingur ráðin til starfa sem verkefnisstjóri við áframhaldandi vinnu við gerð safnastefnunnar og henni til aðstoðar var skipuð verkefnisstjórn sem í sátu:

Finnur Dúa Sigurðsson – tilnefndur af stjórn Akureyrarstofu
Guðbjörg Ringsted – tilnefnd sem fulltrúi minni safna
Haraldur Ingi Haraldsson – tilnefndur af Listasafninu á Akureyri
Kristín Sóley Björnsdóttir – tilnefnd sem fulltrúi annarra menningarstofnana
Ragna Gestsdóttir – tilnefnd af Minjasafninu á Akureyri
Sigfús Karlsson – tilnefndur af stjórn Akureyrarstofu
Vigdís Rún Jónsdóttir – tilnefnd af Eypingi
Þórgnýr Dýrfjörð – fulltrúi Akureyrarstofu

Í upphafi vinnunnar var núverandi staða safnanna kortlögð. Kallað var eftir ársskýrslum og ársreikningum sl. þriggja ára, frá bæði söfnum í eigu, rekstri og á ábyrgð Akureyrarbæjar að verulegu eða öllu leyti, en einnig frá flestum þeirra sem eru með minni stuðning og að litlu eða engu leyti á rekstrarábyrgð bæjarins. Í framhaldinu áttu sér stað samtöl við safnastjóra og annað lykilstarfsfólk safnanna um þætti er tengjast rekstri þeirra og daglegu starfi. Úr upplýsingunum varð til samantekt á faglegri og fjárhagslegri stöðu safna bæjarins sem nýst hefur sem verkfæri við gerð stefnunnar. Með hliðsjón af samantektinni þótti jafnframt eðlilegt og mikilvægt að kanna hug nærsamfélagsins, að ná til bæjarbúa sjálfra og heyra afstöðu þeirra. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) var fengin til að vinna viðhorfskönnun meðal íbúa Akureyrar. Um var að ræða netkönnun sem mældi aðsókn íbúa sveitarfélagsins að söfnum bæjarins sem má að einhverju hafa til marks um áhuga þeirra á heimsóknum og þátttöku í viðburðum.³

Með núverandi stöðu safnamála fyrirliggjandi hafa markmið safnastefnunnar orðið skýrari. Tilgreindir eru möguleikar á sameiningu safna og aukinni samvinnu þeirra á milli, með það að markmiði að auka fagmennsku í starfsemi og öryggi í rekstri safna sem eru að verulegu eða öllu leyti á ábyrgð Akureyrarbæjar. Safnastefnan inniheldur leiðbeiningar um aðkomu Akureyrarbæjar að öðrum söfnum, safnvísnum og sýningum í bænum, en einnig hvernig málum skuli hagað varðandi gjafasöfn og yfirtökur annarra safna. Að lokum inniheldur safnastefna skýra forgangsröðun í uppbyggingu og fjármögnun safna og sýninga, með það fyrir augum að nýta opinbert fjármagn sem best.

³ Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Spurningavagn RHA - netkönnun vegna safnastefnu Akureyrarbæjar 10.-28. október 2019 (2019)

Eitt meginþema við gerð safnastefnunnar hefur verið áherslan á aukið samtal safna og samfélagsins sem það þjónar, sem er nauðsynlegt að endurskoða reglulega, og breyta og bæta í síbreytilegum heimi. Áhersla er lögð á samvinnu safna við hina fjölmörgu og ólíku hópa sem sveitarfélaginu tilheyra, sem lið til aukins jafnréttis á meðal íbúa óháð kyni, aldri, stétt eða stöðu, uppruna, lífsskoðunum og/eða fötlun. Er þetta í samræmi við ákvæði í safnalögum nr. 141/2011, sem eru eiginlegt verkfæri stjórnvalda til að halda utan um hlutverk safna þrátt fyrir að taka aðeins til ríkisrekinnna safna og þeirra sem viðurkennd eru. Þar segir í 1. kafla, 3. gr. um hlutverk safna: „Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi“.⁴

Á undirbúningstíma stefnunnar urðu breytingar á stjórnkerfi Akureyrarbæjar. Atvinnu- og menningardeild sem heldur utan um menningarmál fyrir Akureyrarbæ annast framkvæmd og eftirfylgd safnastefnunnar í umboði bæjarráðs og sviðsstjóra þjónustu- og skipulagssviðs.

SAMVINNA – SAMTAL – JAFNRÉTTI

⁴ Alþingi, Safnalög nr. 141/2011 (2019)

NÚVERANDI STAÐA

Söfnin í bænum

Safnageirinn á Akureyri er fjölbreyttur. Af þeim liðlega tuttugu söfnum, sýningum, safnvísimum og menningarminjum sem í sveitarfélaginu eru, teljast tólf þeirra að verulegu eða öllu leyti rekin af og á ábyrgð Akureyrarbæjar. Söfnin sem um ræðir eru Amtsbókasafnið á Akureyri, Héraðsskjalasafnið á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Minjasafnið á Akureyri, ásamt Nonnahúsi, Davíðshúsi og Sigurhæðum. Á listanum er einnig Hús Hákarla-Jörundar og Holt - Hús Öldu Halldórsdóttur í Hrísey og að lokum gömlu húsin þrjú: Laxdalshús, Gudmands Minde (gamli spítali) og Friðbjarnarhús (þar sem Minjasafnið heldur úti Leikfangasafninu). Þá eru ónefnd útilistaverk Akureyrarbæjar sem telja á fimmta tug. Að auki á og rekur Minjasafnið Gestastofu í gamla prestsetrinu í Laufási og hefur jafnframt umsjón með og annast rekstur gamla bæjarins sem er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Þess utan á Akureyrarbær sýningargripi sem áður voru í safnkosti Náttúrugripasafns Akureyrar. Fyrir liggur að sökum aldurs gripanna er ekki hægt að koma á fót nýju safni eða sýningu en samstarf er við Náttúrufræðistofnun Íslands um grisjun og varðveislu munanna.

Í bænum er jafnframt að finna söfn, safnmuni og menningarminjar sem eru í einkarekstri og að litlu eða engu leyti styrkt af Akureyrarbæ. Er um að ræða Flugsafn Íslands, Mótorhólasafn Íslands og Iðnaðarsafnið á Akureyri, eikarbátinn Húna II og sögu- og minjastaðinn á Gásum sem raunar er í Hörgársveit. Akureyrarbær hafði beina aðkomu að Gásum sem einn af stofnaðilum sjálfseignarstofnunarinnar Gásakaupstaðs ses. en hún hefur nú verið lögð niður. Þrátt fyrir það er stefnt er að því að hátíðin Miðaldadagar á Gásum sem á sér áralanga sögu verði áfram við lýði.

Einingarnar eru æði misjafnar, einnig misstórar og standa faglega og rekstrarlega misvel, auk þess að segja ólíka sögu og miðla henni margvíslega. Rekstarform safnanna er einnig ólíkt og þau tilheyra ekki öll sama lagaumhverfi. Þau sem hlotið hafa viðurkenningu Safnaráðs falla undir Safnalög meðan starfsemi Amtsbókasafnsins fellur undir Bókasafnslög og starfsemi Héraðsskjalasafnsins undir Lög um opinber skjalasöfn. Þar af leiðandi eru verkefni og skyldur safnanna ólík og eiga því ákveðnir þættir stefnunnar misvel við um þau.

Fagleg og fjárhagsleg staða safna

Af samantekt á faglegri og fjárhagslegri stöðu safnanna að dæma er stakkurinn þröngt sniðinn hjá mörgum þeirra og afl skortir til að uppfylla öll markmið starfseminnar. Þrátt fyrir þetta gefa upplýsingar til kynna að safnfræðsla og samstarf við skóla bæjarins sé víðast hvar til fyrirmyndar, en ekki síður samstarf safna og menningarstofnana í tengslum við ýmsa viðburði. Söfnin hafa stuðning hvert af öðru í gegnum safnaklasa og samlegðaráhrifin eru umtalsverð þegar kemur að heimsóknum gesta, ásýnd og afspurn. Þó eru vísbendingar um bæði stöðnun í þróun safnastarfsins og einnig um vanmátt til áframhaldandi starfsemi sem oftast en ekki má rekja til langvarandi fjárskorts.

Áhugi og þátttaka íbúa Akureyrar – viðhorfskönnun RHA

Í tengslum við gerð stefnunnar var leitað til Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri um gerð könnunar á meðal bæjarbúa. Könnunin var gerð áður en Covid-19 faraldurinn braust út


og á því að gefa nokkuð glögga mynd af venjulegum kringumstæðum í starfsemi safnanna. Niðurstöðurnar sýna aðsókn og áhuga bæjarbúa á söfnunum á því tímabili sem könnunin náði til.⁵ Misjafnt er hvernig söfnum gengur að ná athygli og þátttöku heimamanna og fyrir því geta verið ýmsar ástæður.

Mestu máli skiptir fyrir faglega stöðu safna að ná til nærsamfélagsins sem það starfar fyrir. Skyldur safnanna eru fyrst og fremst við eigendur þeirra sem eru bæjarbúar og aldrei má fara svo að söfn Akureyrarbæjar verði fyrst og fremst fyrir ferðamenn. Við það glatast ekki bara mikilvæg tengsl við íbúa, heldur einnig hluti af tilganginum með varðveislu menningararfsins.

Rétt er að ítreka að þessar niðurstöður endurspeгла ekki árlegan gestafjölda safnanna sem er eins og gefur að skilja mjög mismunandi m.a. eftir stærð og umfangi þeirra.


Hér að neðan má sjá svör við tveimur spurningum úr könnuninni, annars vegar þar sem spurt er um hvaða söfn og sýningar hafa verið heimsótt á síðustu 18 mánuðum, en hins vegar um þátttöku í viðburðum á vegum þeirra á sama tímabili.

Spurt var hvert eftirtalinna safna/sýninga á Akureyri viðkomandi hafi heimsótt sl. 18 mánuði.



⁵ Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Spurningavagn RHA, Netkönnun vegna safnastefnu Akureyrarbæjar 10. – 28. október 2019 (2019)

Spurt var hvort viðkomandi hafi sótt aðra viðburði á vegum eftirtalinna safna/sýninga á sl. 18 mánuðum. Stöplaritið sýnir aðeins jákvæð svör.



Innlendir og erlendir ferðamenn


Akureyri er annálaður menningar- og safnabær og hefur verið svo um áratuga skeið. Ferðamenn, innlendir sem erlendir, sem fara á söfn á Norðurlandi eru í 97% tilvika ánægðir gestir. Þeir erlendu eru enn áhugasamari en þeir íslensku og ekki síst um menningu og sögu þjóðar.⁶ Upplýsingar um söfnin sækja þeir mest í ferðabækur og bæklinga sem sýnir mikilvægi þeirrar kynningarleiðar. Þá sýnir önnur skýrsla, sem unnin var af fyrirtækinu Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar fyrir Markaðsstofu Norðurlands, að ferðamenn á Norðurlandi eru talsvert líklegri til að skoða söfn og sýningar en ferðamenn eru almennt á Íslandi.⁷ Þrátt fyrir ofangreindar niðurstöður sýna tölur um ferðavenjur erlendra ferðamanna, sem kannaðar hafa verið m.a. á Norðurlandi sl. ár, að áhugi þeirra á söfnum Akureyrar (2017) er nokkuð minni en á söfnum margra annarra nágrannasveitarfélaga.⁸ Þarna kunna að liggja mikilvæg sóknarfæri í markaðssetningu safnanna.

Ljóst er að sumarið 2020 jukust heimsóknir innlendra ferðamanna á söfn almennt mjög mikið þegar Covid-19 faraldurinn olli því að Íslendingar ferðuðust nær eingöngu innanlands og erlendir ferðamenn komust ekki til Íslands. Þarna kunna engu að síður einnig að liggja talsverð sóknarfæri.

⁶ Rannsóknamiðstöð ferðamála, Söguferðaþjónusta á Norðurlandi (2019)

⁷ Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Norðurland 2018, erlendir ferðamenn menningararfur og dýraskoðun (2019)

⁸ Rannsóknamiðstöð ferðamála, Söguferðaþjónusta á Norðurlandi (2019)



SÖFN FYRIR ALLA

Minjar og saga

Við erum jafnan minnt á það í gegnum þá sögu sem er til sýnis í mörgum söfnum bæjarins, hverjar rætur samfélagsins eru og þróun þess í gegnum tíðina. Það er mikilvægt að sögunni sé komið á framfæri til heimafólks með miðlun hennar í gegnum sýningar og leiðsagnir safnanna, með safnkennslu og samvinnu safna við skólasamfélagið, en einnig með heimsóknnum á t.d. heilsu- og öldrunarstofnanir, auk góðrar samvinnu safnanna á milli. Einnig er það gert með merkingum sögustaða og menningarminja í bæjarlandinu og verndun húsa og svæða í byggð.

Akureyri er fjölmenningsafélag og Akureyringar dagsins í dag, íbúarnir sem nú skrifa sögu bæjarins, eru eiginlegir eigendur safnanna. Þeir eru af ýmsum uppruna og kyni, með ólíkar lífsskoðanir og hafa ólíka félagslega stöðu. Eru söfnin því hvött til að gera söguna aðgengilega og leggja metnað sinn í að gera aðgengi að söfnunum mögulegt öllum og þar með talið gestum sem búa við ýmskonar hömlur eða fatlanir. Einnig og ekki síður að leggja enn frekari áherslu á ólíkar leiðir til að miðla arfleifðinni með aðgengilegum sýningum og hafa upplýsingar, sýningartexta og leiðsagnir á fleiri tungumálum en íslensku m.a. við móttöku heimafólks af erlendum uppruna.

Héraðsskjalasafnið fylgir siðareglum ICA (Alþjóða skjalaráðið) og Amtsbókasafnið siðareglum Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða. Siðareglur ICOM (Alþjóðaráðs safna) skulu hafðar að leiðarljósi í öðru safnastarfi. Þær kveða á um lágmarks viðmið að styðjast við í starfsemi og starfsháttum safna. Þar segir í 4. lið og getur átt við um söfnin öll:

Grunnhugsun

Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarhlutverkið í starfi sínu og laða til sín fjölbreytta safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar. Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess eru samofin menntunarhlutverki hvers safns.⁹

Miðlun og gagnvirkni

Mikilvægt er að miðla menningararfinum til sem flestra og að ná fram þátttöku safngesta í gegnum ólíkar miðlunarleiðir. Sagan er mikilvæg bæði heimafólki og ferðamönnum og sú saga og arfleifð sem valið er að sýna á söfnunum skal því vera lögð fram á jafnréttisgrundvelli, vera sem sönnust, öllum sýnileg og skiljanleg. Að því sögðu leggur Akureyrarbær jafnframt áherslu á kynjaða stefnu í safnastarfi og eru söfnin hvött til að miðla jafnt sögu allra kynja.

Hvatt er til notkunar á stafrænni miðlun við að segja sögur og sýna muni, en við það aukast einnig möguleikar á þátttöku ungs fólks í safnastarfinu. Hljóðleiðsagnir eru vinsælar og henta mörgum, fræðsla og leikir sem kalla fram gagnvirka þátttöku gesta, en einnig er notkun hlaðvarps að ryðja sér til rúms, þar sem gestur getur hlustað á frásagnir af innihaldi og gerð sýninga fyrir heimsóknir.

Börnin í bænum

Í skýrslu og aðgerðaáætlun vegna innleiðingar á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í starfsemi Akureyrarbæjar, er lögð áhersla á að börn og ungmenni sveitarfélagsins læri að þekkja rétt sinn, að lífsgæði þeirra séu háværkuð og að innleiðing hafi sem mest og beinust áhrif á þau sjálf.¹⁰ Sífellt skal huga að bættum gæðum í þjónustu við börn og greiða þeim aðgang að safnastarfi til aukinnar menningarþátttöku og menningarlæsis. Söfnin skulu leggja lóð sitt á vogarskálarnar til að aðstoða börn sem hafa takmarkað aðgengi að réttindum sínum eða upplifa mismunun af einhverju tagi og gera þeim kleift að taka þátt í samtali og safnastarfi á jafnræðisgrundvelli. Barnasáttmálann skal nota sem verkfæri í stefnumótun í málefnum barna og til gæðastjórnunar í þjónustu við þau. Mælst er til þess að söfnin efla enn frekar samtalið við öll börn og ungmenni bæjarins og þeirra umhverfi.

Einn megintilgangur með verndun arfleifðarinnar er að koma henni óspilltri áfram til komandi kynslóða.¹¹ Viðhalda skal því samstarfi safna og skóla meðal annars með því að styrkja enn frekar kennslu og nám inni á söfnunum sjálfum og þar með tengslin milli þeirra sem þjónustustofnana við menntun barna og unglunga.

Akureyrarbær hefur hlotið viðurkenningu UNICEF á Íslandi sem barnvænt samfélag og því skal sérstaklega vanda til verka við allt barna- og ungmennastarf safnanna, sem lið í að hámarka þroska þeirra og hlusta á þeirra rödd.

⁹ ICOM Íslandsdeild, Siðareglur ICOM fyrir söfn (2015)

¹⁰ Barnasáttmáli – skýrsla og aðgerðaáætlun, samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 22. Janúar (2019)

¹¹ ¹¹ Alþingi, Safnalög nr. 141/2011 (2019)

NÆRSAMFÉLAG – FJÖLMENNING – FERÐAMENN SÖFN OG SAGA FYRIR ALLA

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR TIL ÁRANGURS

Til að framfylgja stefnu Akureyrarbæjar í safnamálum þarf áfram að ástunda góð vinnubrögð, viðhalda tengslum, skerpa á sýn, en einnig að breyta háttum og bæta venjur svo miðlun og samvinna við samfélagið verði sem árangursríkust. Aukinn faglegur metnaður, virðing fyrir sögu og verndun arfleifðar, auk jafnréttis á meðal gesta, eru þættir sem komu endurtekið upp í stefnumótunarvinnunni. Öryggi í rekstri er jafnframt ein af forsendum þess að safnastarf sé faglegt og þar af leiðandi að öryggi arfleifðarinnar sé gætt. Því er nauðsynlegt að skýr forgangsröðun sé í uppbyggingu og fjármögnun til safna og sýninga á næstu fimm árum svo nýting opinbers fjármagns verði sem best og einkennist af gegnsæi í aðgerðum.

Aðgerðir á gildistíma stefnunnar munu því fyrst og fremst stuðla að því að efla og styrkja þá starfsemi sem fyrir er hjá söfnum sem eru að verulegu eða öllu leyti á ábyrgð Akureyrarbæjar, fremur en að taka þátt í stofnun nýrra safna eða yfirtöku sýninga á svæðinu.

Forgangsröðun stjórnast af fjárheimildum hvers árs eftir sem áður en tilgreindar eru leiðir og verkefni sem hafa skulu forgang.

Meginmarkmið safnastefnu 2022-2026 eru eftirfarandi:

1. **Öruggur rekstur, samvinna og sameingin:** Stuðla að aukinni fagmennsku í starfsemi safnanna og öryggi í rekstri þeirra með aðgerðum er snúa að sameiningu á starfseiningum og aukinni samvinnu þeirra á milli.
2. **Söfn, sýningar, sögulegar byggingar og menningarminjar sem fjármögnuð eru að verulegu eða öllu leyti af Akureyrarbæ:** Skýra aðkomu Akureyrarbæjar að þeim söfnum, sýningum, sögulegum byggingum og öðrum menningarminjum sem eru nú þegar á ábyrgð bæjarins að verulegu eða öllu leyti.
3. **Önnur söfn, safnvísar og sýningar:** Skýra aðkomu Akureyrarbæjar að öðrum söfnum, safnvísam og sýningum í bænum.
4. **Móttaka nýrra safna og sýninga:** Móta faglegan og skýran farveg vegna móttöku nýrra safna, yfirtöku gjafasafna og stuðnings frá Akureyrarbæ við söfn í eigu annarra.

1. Öruggur rekstur, samvinna og sameining

Leiðarljós

Samtal, samstaða og samvinna ýta undir framþróun, bættu þjónustu og meiri fagmennsku í starfi safnanna á Akureyri. Þessir þættir eru fyrst og fremst í höndum safnanna sjálfra en Akureyrarbær getur stutt við þá með ýmsum hætti. Mikilvægt er að rekstur safna sé öruggur og fagþekking nýtt sem best. Með það að leiðarljósi er æskilegt að kanna möguleika á sameiningu safna og eininga.

Mikilvægt er að söfnin efli sameiginlegt samtal við ólíka hópa samfélagsins með fjölbreyttum aðferðum og uppfæri miðlunarleiðir til að ná enn betur til yngri kynslóða, sem eru jafnframt ein meginástæða fyrir varðveislu menningararfsins.

Leiðir

1. Að hafa þarfir safna sem nú þegar eru að verulegu leyti eða öllu kostuð af Akureyrarbæ í forgangi er kemur að úthlutun fjármagns til safnamála á gildistíma stefnunnar. Markmiðið er að auka faglega starfsemi þeirra og veita frekara öryggi í rekstri þeirra.
2. Bæjaryfirvöld munu í samvinnu við hlutaðeigandi kanna kosti þess að sameina sögu- og minjasöfn sem eru að verulegu eða öllu leyti fjármögnuð af Akureyrarbæ og/eða varðveita mikilvæga sögu bæjarins. Verði niðurstaðan jákvæð er markmiðið að ný sameinuð safnastofnun verði að veruleika á tímabilinu.
3. Gerð verður úttekt á Holti – húsi Öldu Halldórsdóttur í Hrísey, sem er liður í ákvörðun um áframhaldandi rekstur safnsins og hvort það geti átt heima í sameinuðu sögu- og minjasafni sbr. liðinn hér á undan.
4. Kannaður verður fýsileiki þess að Iðnaðarsafnið verði hluti af sameinuðu sögu- og minjasafni. Verði það ekki að veruleika verða skoðaðir kostir þess að það sameinist Minjasafninu á Akureyri. Markmiðið er vernda einstaka iðnaðar- og atvinnusögu Akureyrar sem Iðnaðarsafnið hefur haldið utan um og miðlað. Mikilvægt er að Akureyrarbær styðji við varðveislu og sýnileika þessarar sögu til framtíðar með auknum framlögum til starfseminnar.
5. Öll söfn sveitarfélagsins eru hvött til að auka enn frekar samvinnu sína í gegnum safnaklaða og vinna sameiginlega að viðburðum og kynningum. Söfn bæjarins stefni að því að verða leiðandi í virku þverfaglegu samstarfi og gjarnan við miðlun og þróun nýjunga á sviði safnafræði.
6. Réttlætismál er að ríkissjóður leggi sitt af mörkum til reksturs skáldahúsanna á Akureyri, þ.e. Davíðshúss, Nonnahúss og Sigurhæða. Öll eru þau hús þjóðskálda og mun Akureyrarbær gera það sem í hans valdi stendur til að samningur um árleg framlög náist sem stuðli að blómlegri starfsemi í húsunum til framtíðar.
7. Söfn bæjarins verða hvött til að efna til enn frekara samstarfs við Héraðsskjalasafnið um að nýta safnkost þess í upplýsingaöflun t.d. við sýningargerð og fræðslu.
8. Söfnin starfa í anda stefnu um aldursvænt samfélags og hafa að leiðarljósi að efla virkni og þátttöku eldra fólks. Sérstaklega verður boðið upp á kynningar, dagskrár og heimsóknir í samstarfi og með þátttöku þessa hóps gesta t.d. í gegnum félagsmiðstöðvar og Félag eldri borgara.

9. Söfnin í bænum verða hvött til aukinnar samvinnu við heilsu- og öldrunarstofnanir bæjarins, með það fyrir augum að efla þjónustu við samfélagshópa sem eiga erfitt með að njóta hefðbundinnar þjónustu safnanna. Leggja skal áherslu á að auka óhefðbundnar leiðsagnir á söfnunum og einnig heimsóknir út fyrir þau.
10. Söfnin efla samtal sitt við hina ýmsu minnihlutahópa samfélagsins, m.a. með samvinnu við sýningagerð og með hentugum miðlunarleiðum við framsetningu á sögu tiltekna hópa.
11. Söfnin bjóða upp á viðburði sem höfða til barna og ungs fólks.
12. Hlutverk atvinnu- og menningardeildar sem tengiliðs safna við stjórnarsýsluna verði skýrt enn frekar, til að auðvelda boðleiðir og samráð, sem og til að auka upplýsingaflæði til og frá söfnunum. Samþykktar verða verklagsreglur þar um.
13. Hafist verði handa við viðhald og viðgerðir á útilistaverkum bæjarins samkvæmt *forgangslista yfir viðhald og framkvæmdir við útilistaverk á Akureyri frá 2019.*¹²

¹² Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar, Minnisblað Umhverfis- og mannvirkjaráðs. Efni: Forgangslisti yfir viðhald og framkvæmdir við útilistaverk á Akureyri (2019)

2. Söfn, sýningar, sögulegar byggingar og menningarminjar sem fjármögnuð eru að verulegu eða öllu leyti af Akureyrarbæ

Leiðarljós

Akureyrarbær rekur að verulegu eða öllu leyti samtals 12 söfn, þ.e. safnastofnanir, rithöfundahús og menningarminjar í formi eldri friðaðra húsa. Einingarnar eru afar ólíkar að eðli og umfangi, starfa ekki allar eftir sömu löggjöf og lögbundið hlutverk þeirra því einnig misjafnt.

Mikilvægt er að söfnunum verði gert kleift að rækja skyldur sínar í samræmi við hlutverk þeirra og mönnun og aðstaða taki mið af þeim. Friðuð hús þarf að nýta undir starfsemi eftir föngum og sem hæfir sögu þeirra og stöðu.

Tryggja þarf að geymslur safnanna mæti þörf þeirra fyrir rými og þeim kröfum sem gera þarf um öryggi og aðstæður.

Leiðir

1. Atvinnu- og menningardeild vinni þarfagreiningu á geymslumálum sögu- og minjasafna sem rekin eru af Akureyrarbæ að verulegu eða öllu leyti og varðveita mikilvæga sögu og arfleifð bæjarins.
2. Gerð verður greining á húsnaðisþörfum Minjasafnsins á Akureyri út frá starfsemi safnsins eins og hún er nú, en einnig með hliðsjón af hugmyndum um sameiningu sögu- og minjasafna. Í kjölfar greiningarinnar verður unnin áætlun um framkvæmdir.
3. Leggja skal áherslu á skráningu safneignar viðeigandi safna í miðlægt skráningarkerfi Sarps og hún þannig gerð sýnileg almenningi.
4. Listasafnið á Akureyri skrái útilistaverk bæjarins í Sarp¹³ ásamt annarri listaverkæign og þau verði gerð sýnileg hinum almenna borgara á rafrænu formi.
5. Við fjárhagsáætlunargerð Akureyrarbæjar skal eftir föngum taka tillit til þeirra skilyrða sem þau söfn sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs þurfa að uppfylla. Að sama skapi skulu söfnin sjálf forgangsraða fjárheimildum sínum með hliðsjón af þeim sömu skilyrðum.

¹³ Rekstrarfélag Sarps, Sarpur menningarsögulegt gagnasafn, (2019)

3. Önnur söfn, safnvísar og sýningar

Leiðarljós

Í safnaflóru bæjarins er að finna einstök söfn í annarra eigu, þar sem Akureyrarbær kemur aðeins að rekstri þeirra að litlu eða jafnvel alls engu leyti. Sveitarfélagið styður eins og kostur er við þau söfn sem sýnt geta fram á skapandi starfsemi og framkvæmdir á eigin vegum og þannig verið að mestu leyti bæði sjálfbær og skilvirk. Söfn sem segja og sýna sögu sveitarfélagsins að einhverju eða öllu leyti hafa forgang um aðstoð sökum varðveislugildis.

Leiðir

1. Akureyrarbær styður við starfsemi einkarekinna safna með kynningum á sýningum og viðburðum í gegnum kynningarstarf sitt, svo sem á ferðamannvefnum halloakureyri.is og á samfélagsmiðlum.
2. Akureyrarbær hvetur þau söfn í bænum sem fjalla um ákveðna þætti Íslandssögunnar til viðræðna við ríkið um fjárhagslega rekstraraðstoð í samræmi við hlutverk þeirra á landsvísu.
3. Akureyrarbær mun móta verklag um gerð samninga er snúa að samvinnu einkaaðila, ríkis og sveitarfélagsins við rekstur safna í einkaeign.
4. Hvetja skal söfn sem eru að litlu eða engu leyti rekin af Akureyrarbæ til að styrkja stöðu sína með því að taka mið af safnalögum við rekstur sinn og jafnframt að hafa siðareglur ICOM til hliðsjónar í starfseminni.
5. Akureyrarbær hvetur öll söfn bæjarins til samstarfs, samvinnu og samtals sín á milli, einnig þau sem eru að litlu eða engu leyti kostuð af bænum, til gagns og gleði fyrir þau og starfsemi þeirra, sem og íbúa og umhverfið allt.

4. Móttaka nýrra safna og sýninga

Leiðarljós

Söfn eru ein birtingarmynd menningar og safngestir eru þátttakendur í merkingarmyndun og túlkun safna á efnivið og sögu. Safngestir eru því nokkurs konar spegill á samfélagsgerðina sem söfnin starfa í og fyrir og ber að taka mið af þeirri staðreynd við ákvarðanir er varða varðveislu safnmuna í öllu formi og þar með yfirtöku og opnun nýrra safna. Akureyrarbær vill gjarnan stuðla að fjölbreytileika í safnaflóru bæjarins, en augljóslega eru takmörk fyrir því að hve miklu leyti bæjarsjóður getur komið að rekstri safna, bæði hvað varðar fjölda og umfang.

Ný söfn, setur og safnvísar líta reglulega dagsins ljós og er afkoma þeirra og starfsgeta breytingum háð. Það kemur því fyrir að Akureyrarbær fái beiðnir um að veita verulegan fjárstuðning til eða yfirtaka rekstur slíkra eininga. Einnig kemur fyrir að söfn sem fyrir eru kostuð af Akureyrarbæ að verulegu eða öllu leyti fái óskir um að yfirtaka söfn sem eru í rekstri annarra. Loks er bænum jafnframt reglulega boðið að þiggja gjafir í formi safna, safnvísa eða sýninga og getur reynst flókið að raða söfnum saman og staðsetja gjafasöfn á meðal þeirra sem fyrir eru í rekstri og til þess þarf verkfæri:

Leiðir

1. Þegar um er að ræða tilboð um listaverkagjöf þá skal safnráð Listasafnsins á Akureyri vera bæjaráði til ráðgjafar um hvort þiggja skuli gjöf eða ekki.
2. Þegar fyrir liggur beiðni um verulega aðkomu Akureyrarbæjar að safni, safnvísi eða sýningu (hér eftir nefnt eining) þá fylgir ákvörðun bæjaryfirvalda í meginatriðum eftirfarandi skilyrðum og verklagi:
 - a) Bæjarráð skipar ráðgjafahóp þegar leggja þarf mat á verulega aðkomu Akureyrarbæjar að einingu. Hópurinn skal skipaður þremur óháðum fagaðilum sem hafa menntun og reynslu á sviði þjóð-, safna- sagn- og/eða listfræði eða annarra starfssviða sem beina tengingu hafa við viðfangsefnið hverju sinni, auk forstöðumanns atvinnu- og menningardeildar. Hópurinn skilar skriflegu rökstuddu áliti til bæjarráðs að lokinni vinnu sinni.
 - b) Meta þarf fyrirjáanlegan kostnað sem hlýst af aðkomu sveitarfélagsins.
 - c) Ef einingunni fylgir stofnskrá skal ráðgjafahópurinn ganga úr skugga um að hún innihaldi ákvæði sem heimili gjöf eða framsal.
 - d) Ráðgjafahópur skal kanna og leggja mat á mögulegar kvaðir sem einingunni kunna að fylgja við móttöku eða yfirtöku á henni.
 - e) Ef einingunni fylgir söfnunarstefna, skal hún vandlega metin af ráðgjafahópi áður en einingunni er veitt móttaka og hún höfð til hliðsjónar við val á móttökusafni ef til þess kemur.
 - f) Ráðgjafahópurinn kemur að vali á móttökusafni til hýsingar á gjafasafni eða vegna yfirtöku á safnkosti annars safns. Mikilvægt er að kjarnastarfsemi og formlegt hlutverk móttökusafns heimili hýsingu gjafasafns eða yfirtöku á safnkosti annars safns.
 - g) Þess skal vandlega gætt að verksvið móttökusafns breytist ekki í grundvallaratriðum við móttöku gjafasafns.

- h)* Safnmunir viðkomandi einingar skulu vera vandlega skráðir fyrir móttöku eða yfirtöku safns/safneignar, þannig að aðgengilegt sé fyrir ráðgjafahóp að leggja mat á innihald, ástand og þörf fyrir geymslurými.
- i)* Ráðgjafahópurinn leggur mat á mikilvægi einingar í samfélagslegu samhengi, metur gagn hennar og gaman fyrir samfélagið, sem og sögulega tengingu þegar það á við.
- j)* Við móttöku eða yfirtöku á einingu þar sem safneign snertir ákveðna samfélagshópa, skal ráðgjafahópurinn gæta að samvinnu við þá þegar kemur að ákvarðanatöku er snertir framsetningu sögu.
- k)* Samfélagsleg merking einingar getur breyst við yfirtöku og tilfærslu í annað umhverfi. Á það einnig við um sýnileik og tilgang safneignar. Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi séu meðvitaðir um hugsanlegar breytingar áður en að framkvæmd kemur.

ÁRANGURSMAT, EFTIRFYLGNI OG ENDURSKOÐUN SAFNASTEFNU

Til að sem bestur árangur náist við að framfylgja safnastefnu 2021-2026 er mikilvægt að samvinna sé sem best á milli atvinnu- og menningardeildar f.h. bæjaryfirvalda annars vegar og stjórnenda og starfsfólks safnanna hins vegar.

Forstöðumaður atvinnu- og menningardeildar og sviðsstjóri þjónustu- og skipulagssviðs gera reglulega stöðumat en skulu jafnframt árlega taka saman stöðuskýrslur vegna framvindu aðgerða og árangurs. Í framhaldinu ber að upplýsa bæjarráð um stöðu mála. Ráðið er þannig ábyrgt fyrir því að meta árangur og stöðu verkefna, kalla eftir frekari upplýsingum og birta reglulega gögn ef þurfa þykir, sem og að endurskoða reglulega stefnuna í heild sinni.

Hafa skal hugfast að safnastefnan getur tekið breytingum í takt við starfsumhverfið sem tekur stöðugum breytingum og er endurnýjun einstakra þátta því nauðsynleg á gildistíma. Við árlega fjárhagsáætlanagerð skal tekið mið af verkefnum á verkáætlun tímabilsins. Samhliða skal vinna kostnaðarmat og leggja fram tímaáætlun verkefna.

SÖFN TAKA ÞÁTT Í FÉLAGSLEGUM OG PÓLITÍSKUM BREYTINGUM SAMFÉLAGA ÞAR SEM UM FÉLAGSLEGAR STOFNANIR ER AÐ RÆÐA. ÞAU SKULU VERA HLUTI AF DAGLEGU MENNINGARSAMFÉLAGI OG Í SAMTALI VIÐ FÓLKIÐ SEM Í ÞEIM BÝR, Í SAMVINNU VIÐ HINA ÓLÍKU SAMFÉLAGSHÓPA, ÖNNUR SÖFN OG ÝMSAR STOFNANIR OG LÁTA SIG JAFNFRAMT SAMFÉLAGSLEGA HEILSU VARÐA.